



Fyrstu viðbrögð við fyrirhuguðum áformum um sameiningu Kvennaskólans og MS

Reykjavík 5. maí 2023

Skólanefnd Kvennaskólans kom saman þann 4. maí til að ræða áform *Mennta- og barnamálaráðuneytisins* um það sem ráðuneytið hefur kallað „að rýna fýsileika þess“ að sameina Kvennaskólann og Menntaskólann við Sund.

Auk skólanefndar, áheyrnarfulltrúa og skólastjóra, sátu fundinn þau Geir Guðjónsson, trúnaðarmaður kennara, og Guðný Rún Sigurðardóttir, sem sá um fundarritun.

Að beiðni stýrihóps ráðuneytisins mættu á fundinn tveir úr hópnum, þeir Þorsteinn Gunnarsson og Gylfi Arnbjörnsson, í þeim tilgangi að kynna nefndinni téð áform og sjónarmið ráðuneytisins. Í kjölfar kynningar bauðst fundarmönnum að spyrja út í eitt og annað og sköpuðust í kringum það nokkrar umræður.

Eftir því sem frá greinir í tilmælabréfi ráðuneytisins, þá er það ætlun stýrihópsins að leggja fram frumtillögur um mögulega sameiningu nú í maí, sem byggja eiga á samtali og álitsgerðum hlutaðeigandi aðila.

Í stuttu máli er það einróma álit nefndarmanna, að alls ekki sé unnt að leggja faglegt eða fyllilegt mat á fyrirhuguð áform né álykta þar um að svo komnu máli. Einhugur er um það, að upplýsingar og forsendur þær sem bar á góma í kynningu tvímenninganna séu of almennar, óljósar og sumpart villandi.

Telja nefndarmenn nauðsynlegt að hlutaðeigandi gefist betri tími til að meta stöðuna heildstætt og fagmannlega og til þess væri æskilegt að skólastjórn og nefnd fái liðsinni utanaðkomandi málsmetandi og óhlutdrægs sérfræðings. Það er vitaskuld nokkuð sem tekur tíma.

Það er ekkert launaungarmál, að nefndarmenn telja að verulega skorti upp á það í málflutningi stýrihópsins, að Kvennaskólinn njóti sanngirni og sannmælis, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Örðugt er á þessum tímapunkti að ímynda sér að áformin feli í sér verulegt hagræði eða framfaraskref fyrir skólann. Nefndarmenn taka að því leyti undir margt það sem fram kemur í nýlegri ályktun kennarafélags skólans um þessi áform.

Kvennaskólinn á eðlilega djúpar rætur í hjörtum nefndarmanna, enda tengist skipun þeirra beinlínis þeim rótum. Þau vilja því skólanum allt hið besta og allra síst að hrapað verði að ákvörðunum um framtíð þessarar góðu, gagnmerku og vinsælu stofnunar.

Virðingarfyllst,

Stefán Hilmarsson, formaður

Diljá Ámundadóttir Zoëga, varaformaður

Sigyn Blöndal Kristinsdóttir

Sylvía B. Gústafsdóttir

Sandra Hlíð Ocares

Pórdís Eyvör Valdimarsdóttir, áheyrnarfullrúi kennara

Embla María Möller Atladóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda

Birna Imsland, áheyrnarfulltrúi foreldra

Sent til *Krákunnar*, kennarafélags Kvennaskólans í Reykjavík, þann 5. maí 2023